Leikur að læra – vika 2

Iðavellir og Bifröst 2-3 ára

Foreldraverkefni

Þessa vikuna fundu börnin stafinn hennar mömmu í stafasúpunni og settu á sólin í samverukrók síðan stóð hver og einn á sólinni og stafurinn hennar mömmu skoðaður, þetta er líka góð kjarkæfing ☺

Börnin fundu líka nafnið sitt og stafinn sinn.

Söngur: Við sungum „Hver á A, hver á A" og þeir æfðu sig í að segja „Það er ég, það er ég", við sungum þá „Gaman er að sjá þig, gaman er að sjá þig, hér í dag, hér í dag". Við syngjum þetta einnig um nöfnin þeirra.

Við erum líka dugleg að hlusta á Lubba, syngja og æfa hljóð stafanna.

Skrifa á spegil

Drengirnir skrifuðu stafinn sinn (með aðstoð kennara) á spegilinn með töflutússi og voru mjög stoltir. Á myndinni má sjá spegilmynd með stafnum **G**.

Bullusaga

Kennari spann bullsögu með dýrum sem eiga stafi sem við þekkjum og hengdi stafina á viðkomandi dýr. Apinn fékk A, hænan fékk H o.s.fr. drengirnir sátu heillaðir og voru duglegir að gera viðkomandi hljóð og þekkja stafina eftir getu.

Tölustafir

Motta merkt með tölustöfum.

Skemmtileg leið til þess að læra að telja og þekkja tákn tölunnar, hægt að útfæra á marga vegu.

Veiða stafinn sinn og hoppa á öðrum fæti

<u>Efniviður</u>: Pönnukökurnar, stafirnir og tveir húllahringir.

Stúlkurnar sitja í röð upp við vegginn, ein stúlka stendur upp i einu og veiðir stafinn sinn, hoppar á hægra fæti á pönnukökunum yfir að næsta húllahring og skilar stafnum sínum þar. Þetta gengur síðan koll af kolli.

Því næst hoppa stúlkurnar á vinstri fæti til baka og skila stafnum.

Eldri börn gætu fengið að veiða alla stafina sína og myndað nafnið sitt í hinum húllahringnum.

Valhöll 3-4 ára stúlkur

Foreldraverkefni:

Þriðjudagur: fundum staf systkina, frænku eða frænda.

Fimmtudagur: fundum staf ömmu (möðurömmu)

Stúlkurnar setja stafinn alltaf í sólina, þær segja hvað hann heitir, hver à hann og svo klöppum við atkvæðin. Við leikum okkur líka við að búa til 2-3ja stafa orð úr stöfunum.

Stúlkurnar eru líka komnar með nöfnin sín upp á vegg, þær færa þau til þegar þær mæta og eins þegar þær fara heim úr leikskólanum.

Í leirkrók er mikill àhugi fyrir að móta stafi.

Tölulæsi

Við fórum í skemmtilegan leik sem gekk þannig fyrir sig að stúlkurnar köstuðu tening og þurftu svo að sækja eins marga kapplakubba og talan á teningnum sýndi. Til þess að leysa þrautina þurftu þær að að skríða, hoppa, vera eins og könguló eða froskur og finna þ.a.l. út hvernig þær ættu að flytja kubbana til baka. Það var gaman að sjá hvað þær voru úrræðagóðar við að finna lausnir. T.d.

Vettvangsferðir

Í vettvangsferðum skoðum við alltaf formin í kringum okkur og lærum hvað þau heita.

Ferhyrningur

Þríhyrningur

Hringur

Ferningur

Umferðarmerki eru fyrirtaks efniviður sem sýnir okkur öll formin :)

Ásgarður 3 – 4 ára drengir

Foreldraverkefni:

Þriðjudagur: Fundu stafinn hans pabba síns.

Fimmtudagur: Fundu stafinn hjá móðurömmu sinni. Lærðu þarna nýtt orð ,,móðuramma,,. Gátum rætt hver það væri.

Alla daga: Færðu nafnið sitt þegar þeir mættu og fóru heim. Það er gaman að segja frá því að þessi litla athöfn hefur þau áhrif að ef einhver er stúrinn þegar hann mætir þá hverfur það eins og skot þegar við minnum á að það þurfi að færa nafnið.

Finna nafnið sitt og standa á öðrum fæti:

Efniviður: Húllahringur og stafir.

Standa á öðrum fæti.

Finna síðan stafinn sinn í stafasúpunni.

Finna stafinn sinn með vasaljósi

Efniviðu: Vasaljós og stafir.

Sitja á gólfinu í rökkri. Setja nokkra stafi á gólfið. Barnið fær vasaljós og finnur stafinn sinn eða einhver annan staf og lýsir hann upp. Segir hljóð stafsins og hvað hann heitir.

Leikið með stafi í kubbakrók á valtíma

Efniviður: Kubbar með stöfum og litlir pappakassar.

Settum þessa kubba í kubbakrók í valinu. Mikill leikur þar sem þeir röðuðu kubbunum og ræddum um stafina.

Skrifa stafi á tening

Efniviður: Stór teningur sem hægt er að skrifa á og töflutúss.

Kennarinn skrifar stafi á teninginn. Rúllar honum og allir bíða spenntir hvaða stafur kemur upp. Hvað segir stafurinn, hvað heitir hann, hvar á þennan staf, hvaða orð byrja á þessum staf?

Töfrapoki með hlutum sem eiga staf vikunnar

Efniviður: Poki (vorum með svaran ruslapoka), ýmsir hlutir sem eiga stafina og húllahringir.

Kennarinn var búin að setja hluti sem áttu Gg og Ll í svartan ruslapoka. Setti tvo húllahringi á gólfið og G fyrir framan annan en L fyrir framan hinn. Týndi upp úr pokanum og spurði drengina í hvorn húllahringinn hluturinn ætti að fara.

Finna nafnið sitt í fataklefa

Efniviður: Nöfn barnanna

Þessi æfing er frábær í klæðniþjálfun. Kennarinn gefur fyrirmæli um að allir klæði sig og finni síðan nafnið sitt í nafnahrúgu. Sitja síðan með nafnið sitt þar til lagt er af stað í vettvangsferð.

Vatnslita stafi í föndurkrók

Efniviður: Blað, pensill, vatnslitir og vatn.

Bæði hægt að hvetja þau til að skrifa stafinn sinn og einnig vera með fyrirmyndir af ákveðnum stöfum sem við erum að æfa.

Flugferð í vinarólu

Efniviður: Vinaróla, stafasúpa, börn og ímyndunarafl.

Hópurinn sat í vinarólunni og kennarinn gerðist flugstjóri, ýtti rólunni og hópurinn tók flugið. Búið var að ákveða hvaða staf ætti að vinna með, þ.e. stafinn **S** og flogið var til Spánar. Á leiðinni fengum við að borða. Kennarinn spyr „Hvað getum við fengið að borða sem byrjar á **S** ?" uppástungur voru súkkulaði og Svali. Síðan var lent á Spáni og farið út að leita að skjaldbökum. Í þessu verkefni er um að gera að láta ímyndunaraflið ráða. Einnig er að hægt að nota stafasúpu og láta börnin fara og sækja stafinn sinn eða stafinn sem við erum að vinna með, hoppandi, hlaupandi o.s.f. þegar við lendum. Leika dýrin sem við fundum eða bara eitthvað annað skemmtilegt.

Útgarður 5-6 ára stúlkur og drengir

Þrautabraut

Skemmtileg þrautabraut þar sem hægt er að nota stafi og tölur. Ragnheiður notaði þetta sem eyju þar sem þau þurftu að nota jafnvægið og labba í kringum kaðalinn, þegar búið var að því áttu þau að taka grjónapúða og kasta á mottu í samskonar lit.

Önnur skemmtileg þrautarbraut þegar verið er að leggja inn hjóð/stafi og æfa kjarkinn renna niður rennibraut finna samhljóða í

stafahrúgu rétta kennara og veiða stafinn sem verið er að vinna með. Fórum nokkrar ferðir og það var mikið fjör.

Sérhljóði **Samhljóði**

Skemmtilegur stafaleikur þar sem unnið er með sérhljóða (rauða) og samhljóða (græna).

Hoppum í húllahringi grænan eða rauðan eftir staf, hoppa jafnfætis, á öðrum fæti o.fl. heilsum og myndum orð.

Nemandi sem er með sérhljóða Í (grænan) heilsar samhljóða S (rauðum) og mynda þau saman ÍS.